

Alþingi
Erindi nr. P 126/1469
komudagur 16.3.2001



FJARÐABYGGÐ

15.03.01

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Umsögn um breytingu á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur farið yfir frumvarpið og vill koma eftirfarandi á framfæri í tengslum við það.

1. Ljóst er að full þörf er á að endurbæta löggjöf um viðkomandi málaflokk og er stuðlað að því með frumvarpinu. Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur fylgst með baráttunni fyrir því að hafið verði sjókvíaeldi á Austfjörðum í stærri stíl en áður og styður eindregið þær hugmyndir. Eðlilegt er að fiskeldi sé í sátt við vistkerfið og umhverfið en um leið verða löggin að gera rekstraráðilum kleift að koma slíku eldi á fót og reka það. Í þessu sambandi er mikilvægt að öll löggjöf sé skýr og að allt of margir aðilar komi ekki að ákvarðanatöku um leyfisveitingar þannig að hún verði bæði flókin og tímafrek.
2. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ný nefnd, fiskeldisnefnd, verði ráðherra til ráðuneytis um fiskeldismál og er það jákvætt. Hins vegar er afar slæmt að ekki skuli gert ráð fyrir því að Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva eigi fulltrúa í nefndinni og er eindregið lagt til að frumvarpinu verði breytt þannig að gert verði ráð fyrir að fulltrúi sambandsins sitji í þessari mikilvægu nefnd.
3. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrarleyfi fyrir fiskeldisstöðvar verði veitt af landbúnaðráðherra og er það eðlilegt. Hins vegar verður að telja að umsagnaraðilar í tengslum við slíka leyfisveitingu séu allt of margir. Fullkomlega næjanlegt ætti að vera að einungis þrjú aðilar veittu umsögn þ.e. veiðimálastjóraembættið, dýralæknir fisksjúkdóma og fiskeldisnefnd. Sérstaklega skal bent á að Veiðimálastofnun er síður en svo heppileg til að veita umsögn um fiskeldi enda hafa starfsmenn stofnunarinnar beitt sér gegn hugmyndum um slíka atvinnustarfsemi að undanförunu. Óeðlilegt verður að teljast að veiðimálastjóri skuli leita álits slíkrar stofnunar þegar hann fjallar um veitingu leyfis til fiskeldis. Segja má að stofnunin hafi þegar tekið neikvæða afstöðu til alls sjókvíaeldis á laxi og því muni hún ekki fjalla um hverja eldisumsókn fyrir sig og meta aðstæður á þeim stað sem eldið er fyrirhugað á.
4. Bæjarstjórn Fjarðabyggðar leggur áherslu á að við setningu laga sem varða sjókvíaeldi verði tekið fullt tillit til þeirra jákvæðu félagslegu áhrifa sem slík atvinnustarfsemi getur haft í þeim landshlutum sem heppilegir þykja fyrir eldisstarfseminum.

Virðingarfyllt

Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri